



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 16/2007

**Kvörtun Leigubílastöðvarinnar 5678910 Aðalbíla-BSH-NL ehf. og BSH leigubíla ehf. yfir skráningu og notkun á firmaheitinu Aðalstöðin-BSH (nú Aðalstöðin)**

**I.**

**Erindið**

Með erindi, dags. 30. apríl 2007, til Neytendastofu kvartar Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hdl., f.h. Leigubílastöðvarinnar 5678910 Aðalbíla-BSH-NL ehf. (hér eftir nefnt NL) og BSH Leigubíla ehf. yfir skráningu og notkun á firmaheitinu Aðalstöðin-BSH.

Í erindinu segir að NL eigi og reki leigubifreiðastöðina Aðalbíla í Reykjanesbær og að BSH Leigubílar eigi og reki leigubifreiðastöðina Leigubifreiðar BSH í Hafnarfirði. Þann 16. mars sl. hafi meirihluti leigubifreiðastjóra á Aðalbílum og BSH með samræmdum aðgerðum sagt upp stöðvarplássum sínum á leigubifreiðastöðvunum. Þeir hafi stofnað einkahlutafélag utan um rekstur leigubifreiðastöðvar og skráð félagið hjá fyrirtækjaskrá undir nafninu Aðalstöðin-BSH ehf. Skráning og væntanleg notkun leigubifreiðastjóranna, sem áður keyrðu undir merkjum Aðalbíla og BSH, á firmaheitinu Aðalstöðin-BSH brjóti í bága við góða viðskiptahætti eins og þeir séu tíðkaðir í atvinnustarfsemi og feli í sér brot gegn 5., 6. og 12. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Þess er krafist að Aðalstöðinni-BSH verði gert að láta af notkun firmanafnsins og vörumerkisins og að félagið verði beitt viðurlögum.

**II.**

**Málsmeðferð**

**1.**

Með bréfi Neytendastofu, dags. 7. maí 2007, var erindi NL ehf. og BSH leigubíla ehf. sent Aðalstöðinni-BSH til umsagnar. Svar barst frá Magnúsi Guðlaugssyni hrl., f.h. Aðalstöðvarinnar-BSH, dags. 10. maí 2007. Þar segir að ekki verði betur ráðið af kvörtunarbréfinu, þótt það sé sagt framsett með hagsmuni neytenda að leiðarljósi, en að um sé að ræða tilraun NL og BSH Leigubíla til þess að beita fyrir sig Neytendastofu í deilu sinni við Aðalstöðina-BSH.



Aðalstöðin-BSH kannast ekki við að hafa á nokkurn hátt brotið gegn 5., 6. eða 12. gr. laga nr. 57/2005 og ekki sé rakið dæmi um brot né færð rök fyrir því í bréfi kvartenda. Í tæp 60 ár hafi verið veitt leigubílaþjónusta í Reykjanesbæ undir nafninu Aðalstöðin, m.a. af þeim, er nú eigi og reki Aðalstöðina-BSH. Þá kannist félagið ekki við að hafa viðhaft ófullnægjandi eða villandi auglýsingar, enda ekkert dæmi um slíkt rakið.

Skráning félagsins Aðalstöðin-BSH hafi verið athugasemdalaus af hálfu hlutafélagaskrár og ekki verði séð að nein ruglingshætta sé milli þess félags í Reykjanesbæ og BSH Leigubíla í Hafnarfirði. Benda megi t.d. á að 84 félög á Íslandi byrji á orðinu nýja og 102 félög hafi orðið í nafni sínu. Þá hafi 620 félög í nafni sínu orðið bygging og 913 félög orðið bíla. Ekki hafi verið gerðar athugasemdir við þetta. Að lokum er tekið fram að auðkenni Aðalstöðvarinnar-BSH sé vængjað A en ekki sé kunnugt um neitt auðkenni hjá kvartendum.

## 2.

Vilhjálm H. Vilhjálmsyni hdl., f.h. NL og BSH leigubíla, var sent svar Aðalstöðvarinnar-BSH til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 18. maí 2007. Svar lögmannsins er dagsett 30. maí 2007 og þar er tekið fram að ekki sé þörf á frekari útskýringum eða athugasemdum vegna málsins. Þann 30. maí 2007 lögðu Aðalbílar fram útprentun af auglýsingum Aðalbíla og Aðalstöðvarinnar-BSH sem báðar sýna vængjað A auk þess sem þær eru nánast eins.

Með tölvupósti, dags. 30. maí 2007, sendi Magnús Guðlaugsson hrl., f.h. Aðalstöðvarinnar-BSH, mótmæli fyrirtækisins í lögbannsmálinu NL ehf. gegn Aðalstöðinni-BSH ehf. sem lagt var fram hjá Sýslumanninum í Hafnarfirði 25. maí 2007 þar sem sömu sjónarmið eigi við hjá Neytendastofu.

Í greinargerðinni segir að á árinu 1948 hafi verið stofnuð í Keflavík leigubílastöð undir nafninu Aðalstöðin. Það félag hafi verið rekið í áratugi og sé nafnið nú í eigu félags sem heiti Aðalstöðin ehf. Hinn 27. apríl 2007 hafi 33 leigubílstjórar stofnað nýja leigubílastöð í Reykjanesbæ undir nafninu Aðalstöðin-BSH ehf. Þar sem nafnið Aðalstöðin hafi þegar verið til hafi þeir aflað sér samþykkis eiganda nafnsins fyrir því að nota það en þar sem bókstafirnir BSH séu ekki og geti ekki verið í eigu neins aðila og útfærsla þeirra ekki að neinu leyti lík merki Bifreiðastöðvar Hafnarfjarðar hafi þeir ekki þurft samþykki fyrir að nota þá. Kvartandi hafi ekki leitt líkur að því að hann eigi skammstöfunina BSH heldur einungis nafn Bifreiðastöðvar Hafnarfjarðar.

## 3.

Bréf Vilhjálms H. Vilhjálmssonar hdl., f.h. NL og BSH leigubíla, og auglýsingar Aðalbíla og Aðalstöðvarinnar-BSH voru sendar Magnúsi Guðlaugssyni hrl., f.h. Aðalstöðvarinnar-BSH, til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 31. maí 2007.



Tölvupóstur Magnúsar Guðlaugssonar hrl., f.h. Aðalstöðvarinnar-BSH, ásamt mótmælum gerðarþola í lögbannsmáli NL gegn Aðalstöðinni-BSH auk auglýsinga Aðalbíla og Aðalstöðvarinnar-BSH voru sendar Vilhjálmi H. Vilhjálmsyni hdl., f.h. NL og BSH leigubíla, til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 31. maí 2007.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 25. júní 2007, var málsaðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að niðurstöðu málsins mætti vænta eins fljótt og unnt væri.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 29. júní 2007, var óskað eftir frekari gögnum frá málsaðilum. Óskað var eftir nánari upplýsingum um auðkennið vængjað A, sem báðir aðilar nota í auglýsingum og hvernig eignaraðild og rekstri leigubifreiðastöðvarinnar Aðalbíla og áður Aðalstöðvarinnar er og hefur verið háttað. Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hdl., f.h. NL og BSH leigubíla, hafði mótmælt því að byggt yrði á greinargerðinni í lögbannsmálinu en honum var tilkynnt að ekki yrði litið framhjá greinargerðinni og honum veitt færi á koma að frekari athugasemdum eða skýringum.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 29. júní 2007, til Aðalstöðvarinnar ehf. var óskað eftir yfirlýsingu sem staðfesti að Aðalstöðin hafi veitt samþykki sitt fyrir notkun Aðalstöðvarinnar-BSH á nafninu.

#### 4.

Svar barst frá Aðalbílum, dags. 2. júlí 2007, og meðfylgjandi var ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2007 *Samstilltar aðgerðir hóps leigubifreiðastjóra hjá bifreiðastöðvunum Aðalbílum í Keflavík og BSH í Hafnarfirði við uppsögn samninga við stöðvarnar*. Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins var sú að leigubifreiðastjórnarnir hafi brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga með umboði, yfirlýsingum og uppsögn á stöðvarplássi hjá leigubifreiðastöðvunum Aðalbílum í Keflavík og BSH í Hafnarfirði.

Í svari Aðalbíla segir að BSH-Bifreiðastöð Hafnarfjarðar sé leigubílastöð í Hafnarfirði og hún sé nánast alltaf kölluð BSH. Aðalbílar sé leigubílastöð í Reykjanesbæ og Aðalstöðin sé eldra heiti á leigubílastöðinni. Vörumerki Aðalbíla sé vængjað A, þar sem A standi fyrir Aðalbílar og vængirnir séu skírskotun til flugvallarins.

Ný-ung ehf. hafi um nokkurra ára skeið átt og rekið leigubílastöðina Aðalbíla auk þess sem Ný-ung reki m.a. nokkrar sjoppur í Reykjanesbæ auk stórrar verslunar. Í maí 2006 hafi Bifreiðastöð Hafnarfjarðar selt fasteign við Fjörðinn Hafnarfirði til Ný-ungar og segi í kaupsamningi að nafn, símanúmer og viðskiptasambönd Bifreiðastöðvar Hafnarfjarðar fylgi með í kaupunum. Ný-ung hafi átt bæði BSH-Bifreiðastöð Hafnarfjarðar og Aðalbíla þar til í mars 2007. Þá hafi NL ehf. keypt nafn, símanúmer og viðskiptasambönd Bifreiðastöðvar Hafnarfjarðar og stofnað fyrirtækið BSH Leigubíla auk þess sem NL hafi keypt Aðalbíla. Ekki sé um það deilt



að NL eigi nafn, vörumerki, símanúmer og viðskiptasambönd BSH og Aðalbíla. Þá hafi NL sótt um einkarétt á vörumerki Aðalbíla og sé sú umsókn í vinnslu.

Þann 1. maí hafi margir leigubílstjórar sem áður hafi keyrt hjá BSH hafið ólöglegan akstur á nýrri stöð sem bílstjórnarnir hafi nefnt Aðalstöðin-BSH en stöðin hafi ekki fengið rekstrarleyfi frá Vegagerðinni. Leigubílafyrirtæki NL og Ný-ungar í Reykjanesbæ heiti Aðalbílar. Fyrirtækið Aðalstöðin-BSH hafi verið stofnað til þess að nýta viðskiptavild BSH og Aðalbíla því Aðalstöðin hafi verið eldra nafn Aðalbíla.

Því er haldið fram að bílstjórar Aðalstöðvarinnar-BSH hafi stolið skólakeyrslu sem BSH hafi haft með því að láta viðskiptavinum hringja í nýtt númer og logið að eldra fólki og öðrum í Hafnarfirði að BSH væri komið með nýtt símanúmer. Bílstjórnarnir hafi farið til fyrirtækja sem hafi verið í viðskiptum við BSH og kynnt Aðalstöðina-BSH m.a. með því að senda út kynningarbréf með greiðsluseðlum og akstursnótum frá BSH. Þá hafi þeir stolið merki Aðalbíla og lagt í leigubílastæði sem séu sérmerkt BSH í því skyni að valda ruglingi og stela viðskiptavinum BSH en bílar frá BSR eða Hreyfli hafi aldrei notað stæðin. Fyrirtækjaskrá hafi gert margítrekaðar athugasemdir við skráningu BSH í nafninu Aðalstöðin-BSH en forsvarsmenn Aðalstöðvarinnar-BSH hafi ekki staðið við samkomulag um að fella BSH úr nafni stöðvarinnar. Ljóst sé að bílstjórar Aðalstöðvarinnar-BSH hafi stolið nafninu BSH, vörumerki Aðalbíla og hafið markvissan stuld á viðskiptavinum BSH og Aðalbíla.

Í bréfi Magnúsar Guðlaugssonar hrl., f.h. Aðalstöðvarinnar-BSH, segi að auðkenni Aðalstöðvarinnar-BSH sé vængjað A en ekki sé kunnugt um neitt auðkenni hjá kvartendum. Tekið er fram að öllum bílstjórum hjá Aðalstöðinni-BSH sé fullkunnugt um að hið vængjaða A sé merki Aðalbíla enda hafi verulegur meirihluti bílstjóra Aðalstöðvarinnar-BSH verið að keyra fyrir Aðalbíla auk þess sem öllum á BSH sé kunnugt um hvert merki Aðalbíla sé. Þá sé það órökstutt að eigandi Aðalstöðvarinnar ehf. hafi veitt leyfi sitt fyrir notkun á Aðalstöðinni-BSH. Aðalstöðin ehf. tengist ekki á neinn hátt BSH og einu hugsanlegu eignarréttindi Aðalstöðvarinnar ehf. séu notkun á nafninu Aðalstöðin. Hafi verið veitt leyfi af hálfu eigenda Aðalstöðvarinnar ehf. þá geti það ekki náð lengra en að nafninu Aðalstöðin. Markmið Aðalstöðvarinnar-BSH með vali á nafni sínu sé ruglingshætta við Aðalbíla og BSH. Þó að Aðalbílar hafi eitt sinn heitið Aðalstöðin og færa megi rök fyrir því að fyrri notkun feli ekki í sér rétt á nafninu um alla framtíð verði að líta til þess að Aðalstöðin ehf. sjái um bílaviðgerðir, viðhald og hjólbarðaviðgerðir og hafi lokað virðisaukaskattsnúmer í starfsemi sem sé virðisaukaskattskyld. Ekki sé ruglingshætta milli smurstöðvarinnar Aðalstöðvarinnar og Aðalbíla en ruglingshætta sé augljós milli Aðalstöðvarinnar og Aðalbíla sem báðar séu leigubílastöðvar í sömu götu í sama bæjarfélagi og með sama vörumerki.

Augljós krafa sé að Aðalstöðinni-BSH verði meinað að nota heitið Aðalstöðin vegna ruglingshættu við Aðalbíla auk þess sem notkun BSH verði bönnuð og notkun



vörumerkis Aðalbíla. Einnig hætti Aðalstöðin-BSH að keyra fasta viðskiptavinum Aðalbíla og BSH og loki símanúmerum sem auglýst hafi verið ranglega með nafni BSH og merki Aðalbíla.

## 5.

Svar Magnúsar Guðlaugssonar hrl., f.h. Aðalstöðvarinnar-BSH, er dagsett 2. júlí 2007 og meðfylgjandi var staðfesting þess að Aðalstöðin ehf. gefi Aðalstöðinni-BSH leyfi til að nota nafnið.

Í svarinu segir að á árinu 1948 hafi verið stofnuð í Keflavík leigubílastöð með nafninu Aðalstöðin og félagið hafi rekið leigubílastöð, smurstöð o.fl. óslitið til ársins 2003. Olíufélagið Esso hafi keypt félagið sennilega um 2000-2001 en leigubílastöðin hafi verið lögð niður og félagið sameinað Keri hf. Merki þessa félags hafi verið þetta vængjaða A.

Eftir að Aðalstöðin gamla hafi verið lögð niður hafi verið stofnuð smurstöð undir nafninu Aðalstöðin ehf. og fyrirtækið hafi verið rekið fram til ársins 2006 þegar húsnæði þess hafi brunnið. Eftir það hafi engin starfsemi verið hjá því félagi. Bifreiðastjórafélagið Fylkir hafi tekið merkið vængjað A í notkun á öllum nótum og gögnum félagsins um 1960 og hafi notað merkið óslitið síðan og sjáist það t.d. á heimasíðu félagsins.

Þeir bílstjórar sem hafi ekið á Aðalstöðinni þegar félagið hafi verið lagt niður hafi gengið á fund fyrirvarsmanna Ný-ungar og samið við þá um að reka fyrir sig afgreiðslu fyrir leigubíla. Bílstjórnarnir hafi komið með símanúmer gömlu Aðalstöðvarinnar auk þess sem Bifreiðastjórafélagið Fylkir hafi heimilað notkun á merkinu. Sú þjónusta sem veitt hafi verið í samstarfi við Ný-ung hafi verið veitt undir nafninu og vörumerkinu Aðalbílar, þótt ekkert félag með því nafni hafi verið til.

Hinn 5. mars 2007 hafi Ný-ung gert samning við Nýju leigubílastöðina um að selja þeim viðskiptin við leigubifreiðastjórana. Bifreiðastjórnarnir hafi ekkert kært sig um að vera seldir og hafi stofnað nýja leigubifreiðastöð undir nafninu Aðalstöðin-BSH. Með sér hafi þeir tekið, með samþykki bifreiðastjórafélagsins Fylkis, vængjaða A-ið en hafi ekki getað fengið símanúmerið sem þeir hafi átt þar sem Ný-ung hafi skráð sig sem rétthafa fyrir því.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 5. júlí 2007, var Magnúsi Guðlaugssyni hrl., f.h. Aðalstöðvarinnar-BSH sent bréf Aðalbíla og Vilhjálmi H. Vilhjálmsyni hdl., f.h. NL og BSH leigubíla, sent bréf Magnúsar Guðlaugssonar hrl. til umsagnar. Ekkert svar barst.



Í bréfi Aðalbíla, dags. 4. júlí 2007, kemur fram að fyrirtækjaskrá hafi fellt BSH úr nafni Aðalstöðvarinnar-BSH og tekið er fram að staðið sé við þær kröfur sem áður hafi verið settar. Neytendastofa sendi Magnúsi Guðlaugssyni hrl., f.h. Aðalstöðvarinnar-BSH, bréf Aðalbíla til upplýsinga með bréfi, dags. 5. júlí 2007.

### III. Niðurstaða

#### 1.

Í máli þessu kvarta Leigubílastöðin 5678910 Aðalbílar-BSH-NL ehf. (NL) og BSH Leigubílar ehf. yfir skráningu og notkun á firmaheitinu Aðalstöðin-BSH ehf.

Við sölu Aðalbíla og Bifreiðastöðvar Hafnarfjarðar til NL og BSH Leigubíla sagði meirihluti leigubifreiðastjóra upp stöðvarplássum sínum á leigubifreiðastöðvunum. Leigubifreiðastjórnirnar stofnuðu eigin leigubifreiðastöð, Aðalstöðina-BSH, í samkeppni við Aðalbíla og Bifreiðastöð Hafnarfjarðar.

Samkvæmt fyrirmælum fyrirtækjaskrár hefur Aðalstöðin-BSH fellt BSH úr nafni fyrirtækisins og er firmanafnið nú Aðalstöðin. Á grundvelli þess að ekkert fyrirtæki notar nafnið Aðalstöðin-BSH og að fyrirtækjaskrá hefur tekið afstöðu til þess mun Neytendastofa ekki fjalla nánar um firmanafnið Aðalstöðin-BSH.

NL og BSH Leigubílar krefjast þess að Aðalstöðinni verði gert að láta af notkun firmanafnsins og vörumerkisins þar sem um sé að ræða brot gegn 5., 6. og 12. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

#### 2.

Í 12. gr. laga nr. 57/2005 segir:

*„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti“*

Í 12. gr. felst almenn samkeppnisregla um vernd auðkenna og er hún til fyllingar á vörumerkjavernd eins og sést glöggt af lögskýringargögnum, s.s. greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga, sbr. nú lög nr. 57/2005. Fyrri málsliður greinarinnar hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum



um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Samkvæmt greinargerðinni skiptir ákvæðið máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veiti auðkennum. Þá segir í greinargerðinni að í 2. málslíð 12. gr. sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti.

Aðalstöðin er skráð firmanafn fyrirtækisins í fyrirtækjaskrá frá júní 2007 en áður var nafnið Aðalstöðin-BSH. Firmanafnið Aðalbílar er ekki skráð í fyrirtækjaskrá en frá árinu 2003 hefur leigubifreiðastöðin Aðalbílar verið starfrækt og notað nafnið frá upphafi. Að mati Neytendastofu kemur 2. málslíður 12. gr. til álita í máli þessu. Ber þá að líta til þess hvort ruglingshætta milli fyrirtækjanna sé fyrir hendi.

Bæði Aðalstöðin og Aðalbílar eru leigubifreiðastöðvar og því í sama rekstri. Firmanöfnin Aðalstöðin og Aðalbílar eru áþekk en eru of ólík til að hætta sé á að neytendur ruglist á fyrirtækjunum að mati Neytendastofu auk þess sem um almenn orð er að ræða. Í gögnum málsins eru nefnd dæmi þess að Aðalstöðin hafi notað nafn fyrirtækisins á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og Aðalbílum. Þannig hafi m.a. Aðalstöðin notað auðkenni Aðalbíla í framrúðumerkingum leigubifreiða og í auglýsingum fyrirtækisins auk þess sem auglýsingarnar séu nánast eins og auglýsingar Aðalbíla.

Heitið Aðalstöðin gefur til kynna að tengsl séu við fyrirtækið Aðalbíla, sem tók við rekstri leigubifreiðastöðvar af Aðalstöðinni, sem var leigubifreiðastöð í Keflavík áratugum saman. Sú hætta er fyrir hendi að neytendur ætli að um sé að ræða samstarf eða sömu eigendur Aðalstöðvarinnar og Aðalbíla. Neytendastofa fær ekki betur séð en að með því að velja fyrirtækinu umrætt nafn hafi Aðalstöðin ætlað að nýta sér viðskiptavild Aðalbíla og hafa þannig áhrif á eftirspurn eftir þjónustu fyrirtækisins. Að mati Neytendastofu leiðir firmanafnið Aðalstöðin til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti, þ.e. Aðalbílar og brýtur því í bága við ákvæði 12. gr. laga nr. 57/2005.

### 3.

Aðalstöðin sendi viðskiptavinum BSH greiðsluseðla fyrir akstur á vegum BSH í nafni Aðalstöðvarinnar-BSH og með fylgdi nafnspjald og dreifibréf hins nýja fyrirtækis. Í bréfinu er gefið í skyn að Aðalstöðin-BSH sé í raun nýtt heiti BSH og segir m.a. að verkefni sem bílstjórnir hafi unnið fyrir hönd viðskiptavinarins séu og muni verða í góðum höndum hjá bílstjórum á Aðalstöðinni. Vísað er til fyrra samstarfs og tekið fram að Aðalstöðin vilji halda áfram samstarfi við viðskiptavininn. Aðalstöðin hefur einnig birt auglýsingar sem sýna vængjað A á gulum grunni auk símanúmers og eru þær það líkar auglýsingum Aðalbíla að erfitt er fyrir neytendur að greina á milli.



Í 5. gr. laga nr. 57/2005 kemur fram að óheimilt er að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda.

Af m.a. 5. gr. laga nr. 57/2005 má ráða þann vilja löggjafans að í atvinnustarfsemi verði fyrirtæki að virða tiltekin siðferðisleg gildi. Fyrirtækjum er þannig uppálagt að viðhafa góða viðskiptahætti gagnvart keppinautum sínum og neytendum. Ekki hefur verið talið unnt að tilgreina fyrirfram í lögum hvað telja beri góða viðskiptahætti heldur er mat á því hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki lagt í hendur Neytendastofu og dómstóla. Sökum þessa geta stjórnendur fyrirtækja ekki vitað fyrirfram í öllum tilvikum hvort hegðun þeirra brýtur í bága við 5. gr. laga nr. 57/2005. Því er sú leið farin í samkeppnislögum að aðgerðir fyrirtækja sem taldar eru brjóta í bága við umræddar siðareglur geta ekki leitt til viðurlaga heldur aðeins til þess að bann verði lagt við því að aðgerðum sé haldið áfram. Sé hins vegar bann brotið er heimilt að beita viðurlögum. Þrátt fyrir að útilokað hafi verið talið að tilgreina nákvæmlega í lögum hvað teljist óréttmætir viðskiptahættir, verður að telja að með hliðsjón af almennum siðferðislegum gildum samfélagsins, viti stjórnendur fyrirtækja í meginþorra tilvika hvað sé siðferðislega verjandi í viðskiptum og hvað ekki. Þannig má ljóst vera að viðskiptaaðferðir sem sýnilega eru óheiðarlegar, ósanngjarnar, eða villandi gagnvart keppinautum eða neytendum eru andstæðar samkeppnislögum.

Ákvæði 6. gr. laga nr. 57/2005 er svohljóðandi:

*„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.*

*Auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir skulu ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála.“*

Í 6. gr. laga nr. 57/2005 er gerð krafa um að auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir séu ekki ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum. Samkvæmt ákvæðinu tekur það ekki einungis til auglýsinga heldur falla einnig undir ákvæðið rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar sem eru birtar með öðrum hætti en í auglýsingum. Neytendastofa telur að Aðalstöðin hafi með auglýsingum og dreifibréfi reynt að tengja viðskiptavild Aðalbíla og BSH við Aðalstöðina. Viðskiptaaðferð Aðalstöðvarinnar brýtur í bága við góða viðskiptahætti og er ósanngjörn gagnvart Aðalbílum og BSH. Að mati Neytendastofu er um brot að ræða gegn ákvæðum 5. gr. og 6. gr. laga nr. 57/2005.





Í máli þessu er jafnframt deilt um rétt aðila til notkunar vörumerkis. Einkaleyfastofa hefur nú til meðferðar umsókn um skráningu vörumerkisins en úrskurður Einkaleyfastofu liggur ekki fyrir. Réttarstaða til notkunar vörumerkisins er því óljós og af þeirri ástæðu er óhjákvæmilegt að vísa þessum hluta kvörtunarinnar frá Neytendastofu.

#### IV.

#### Ákvörðunarorð:

**„Aðalstöðin ehf., Hafnargötu 86, Reykjanesbæ, hefur með notkun firmanafnsins Aðalstöðin, með bréfi til viðskiptavina og auglýsingum brotið gegn ákvæðum 5., 6. og 12. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.**

**Með vísan til 2. mgr. 16. gr. laga nr. 57/2005 bannar Neytendastofa Aðalstöðinni að nota firmanafnið Aðalstöðin.**

**Bannið tekur gildi við fjórum vikum eftir birtingu ákvörðunarinnar. Verði ekki farið að banninu mun viðurlögum laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins verða beitt.“**

Neytendastofa, 12. júlí 2007